



6. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 1. febrúar 2022.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG) og Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK) framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Samráðsvettvangur Aftureldingar og Mosfellsbæjar – fréttir frá síðasta fundi

Þjónustubygging – nýjar teikningar kynntar þar sem tekið hefur verið tilliti til ýmissa athugasemda sem komu frá aðalstjórn. Til dæmis hefur kjallarinn hefur verið stækkaður til að rúma 4 jafnstóra klefa þar sem er þá aukið svigrúm þar inni eins og til dæmsi fyrir kalda potta auk þjálfaraaðstöðu. Hinar tvær hæðirnar eru í grunninn svipaðar nema búið að skerpa á hlutum eins og skóhillum og munaskápum.

Jóhanna Hansen frá Mosfellsbæ mun kynna þessa byggingu á næsta formannafundi Aftureldingar sem áætlaður er í síðar í febrúar. Áætlað er að byrja framkvæmdir í júlí eftir að útboð hefur farið fram.

Búningsklefar – teikningar af gámaklefum í samræmi við kynningu fyrir jól. Tveir klefar norðan við húsið 50 m² hvor með pláss fyrir 26 manns og 8 sturtur í hvorum sem og salerni og ræstikompa/geymsla. Stígar, aðgengi og lýsing tekið í gegn bakvið húsið.

Stigatöflur- Mosfellsbær fór í útboð á stigatöflum innanhús í sal 1,2 og 3. Samþykkt var tilboð frá Origo í töflur. Byrjað á sal 1 og 2 á árinu og salur 3 árið 2023. Einnig greiðir Mosfellsbær uppsetningu á stigatöflu sem sett var upp á knattspyrnuvellingnum.

Elding - Mosfellsbærinn er að undirbúa áframhaldandi 6 mánaða samning, Litla Elding verður hluti af sölum hússins. Afreksfólkið okkar æfir á þeim tímum sem þau kjósa en öll hóppjálfun fer fram í Litlu Eldingu.

2. Samingaviðræður við Mosfellsbæ

Aðalstjórn er sátt við niðurstöðu sem verður kynnt á formannafundi 10. Febrúar nk.

Sigurður Rúnar bar upp tillögu að skiptingu á nýjum rekstrarsamningi og var hún samþykkt af aðalstjórn.

3. Staða bókhalds vegna 2021

Svava fjármálafulltrúi lauk störfum í gær. Sessor ráðgjafafyrirtæki hefur tekið við umsjón bókhalds frá og með 1. janúar. Verið er að ljúka að loka DK þar sem bókhaldið hefur alfarið færst yfir í Business Central.



4. Önnur mál

a) Hlaupanámskeið

Frjálsíþróttadeildin ætlar að halda hlaupanámskeið sem byrjar um miðjan febrúar og stendur í 8 vikur. Vonir standa til að hægt verði að halda úti hlaupahóp í kjölfarið og er þetta námskeið haldið sem kynning á því.

UMSK hefur falið Aftureldingu að halda drulluhlaup þann 13. ágúst í tilefni af 100 ára UMSK. Haldin verða hlaup víðsvegar í Kraganum með mismunandi áherslum dreift yfir sumarið.

Fundi slitlið kl. 20:00

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.